

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 1040/2014****2016/EES/18/22****frá 25. júlí 2014****um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/112/EB varðandi aldinsafa og tiltekna álika vörur  
til manneidis í því skyni að laga I. viðauka við hana að tækniframförum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tiltekna álika vörur til manneidis <sup>(1)</sup>, einkum 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með tilskipun 2001/112/EB er framkvæmdastjórninni heimilað að samþykkja framseldar gerðir í því skyni að breyta viðaukunum við þá tilskipun, að undanskildum I. hluta I. viðauka og II. viðauka, í því skyni að færa viðaukana til samræmis við þróun viðkomandi alþjóðlegra staðla og til að taka tillit til tækniframfara.
- 2) Ákvæði I. viðauka við tilskipun 2001/112/EB eiga við um vöruheiti, vöruskilgreiningar og vörueiginleika. Í 3. lið II. hluta þess viðauka eru tilgreindar leyfðar aðferðir og efni. Vegna tækniþróunar eru nú fáanleg ný efni til fellingar í söfum. Þessi efni eru úr plöntupróttinum sem eru unnin úr hveiti, baunum eða kartöflum og geta verið annar valkostur í stað gelatíns, sem er sem stendur heimilt að nota, sem er unnið úr dýraafurðum.
- 3) Til að taka tillit til þessara tækniframfara ætti að breyta 3. lið II. hluta I. viðauka við tilskipun 2001/112/EB með því að bæta við þessum nýju efnunum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið II. hluta I. viðauka við tilskipun 2001/112/EB:

„— Plöntupróttin úr hveiti, baunum eða kartöflum til fellingar“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 288, 2.10.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júlí 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---